

Japansmarkaður sá annar stærsti í heimi - helstu spár gera ráð fyrir viðvarandi hagvexti eftir áralanga stöðnun

Viðskiptaþjónusta utanríkisráðuneytisins, VUR, efndi til kynningar á efnahagslífinu í Japan í sl. viku í samvinnu við Útflutningsráð Íslands og með þátttöku sendiráðs Íslands í Tókýó. Megintilgangur fundarins var að benda íslenskum fyrirtækjum á Japansmarkað sem er annar stærsti í heimi. Fram kom á fundinum að viðskipti Íslands við Japan standa vel um þessar mundir, þegar tekið er tillit til vöru- og þjónustuviðskipta, auk viðskipta með uppruna í þriðju löndum sem íslensk fyrirtæki annast í Japan.

Eftir áralangar sveiflur í efnahagslífi Japana er nú gert ráð fyrir að árin 2005 og 2006 verði fyrstu hagvaxtarárin eftir áratuga langa stöðnun. Ýmsar ástæður eru fyrir því að Japanir sjá fram á betri tíð, en þar skiptir miklu máli að Kína, ásamt öðrum löndum Asíu, hefur tekið við af Bandaríkjunum sem stærsti markaður Japans. Uppgangurinn í Kína hefur skilað sér í miklum uppgangi útflutningsgreina Japana en jafnframt hafa þeir í vaxandi mæli fært eigin framleiðslu til Kína. Þá horfa Japanir fram á að þeir muni gera sífellt fleiri viðskiptasamninga, einkum við ASEAN-löndin (Association of Southeast Asian Nations) sem ætti að stuðla að auknum efnahagssumsvifum.

Japansmarkaður telst enn vera 65% alls asíska efnahagskerfisins og því er sá markaður, út frá stærð einni saman, mjög áhugaverður fyrir íslensk fyrirtæki. Á haustdögum ráðgerir Útflutningsráð Íslands, í samvinnu við sendiráðið í Tókýó og VUR, að efna til farar viðskiptasendinefndar til Japans en samkvæmt könnun, sem gerð var, er þó nokkur áhugi fyrirtækja fyrir því að fara slíkra ferð. Stefnt er að því að Davíð Oddsson, utanríkisráðherra, leiði sendinefndina. Nánari upplýsingar gefur Vilhjálmur Guðmundsson hjá Útflutningsráði.

Íslensk hönnunarhátíð í Svíþjóð

Opinbert hönnunarár hófst í Svíþjóð 1. janúar 2005. VUR, Útflutningsráð Íslands og sendiráð Íslands í Stokkhólmi hafa lagt áherslu á að kynna og markaðssetja íslenska hönnun í Svíþjóð á þessu ári undir heitinu „Íslensk hönnunarhátíð í Svíþjóð 2005.“

Hin árlega húsgagnasýning í Älvsjö í Svíþjóð hófst 9. febrúar sl. Frá Íslandi taka þátt í sýningunni ellefu hönnuðir og tveir húsgagnaframleiðendur. Hönnuðirnir eru með eigin sýningarsvæði en einnig eru munir íslenskra hönnuða framleiddir í Svíþjóð sýndir á sameiginlegri sýningu á svæði *Möbelriket* og kynnt samstarfsverkefni íslenskra hönnuða og húsgagnaframleiðanda í Smálöndum sem greint var frá í Stiklum í fyrra. Í mars næstkomandi munu íslenskir hönnuðir taka þátt í viðburði sem nefnist „Designers Saturday“ þar sem íslensk hönnunarsýning og málstofa um íslenska hönnun verða meðal atriða.

Svavar Gestsson, sendiherra, segir að sendiráðið hafi unnið að undirbúningi þessa verkefnis í nokkur misseri, en auk undirbúnings hafi sendiráðið efnt til samkomu í

tengslum við sýninguna til að kynna íslenska hönnun, sem sótt var m.a. af sænskum blaðamönnum, húsgagnaframleiðendum, kaupendum o.fl. Að sögn Svavars fól sendiráðið íslenska hönnuðinum Ólöfu Baldursdóttur, frá 99Design, að hanna einkennismerki sem verður notað til að kynna íslenska hönnun í Svíþjóð allt árið. Svavar sagðist vonast til þess að „Íslensk hönnunarhátíð í Svíþjóð 2005“ leiði til þess að íslensk hönnun verði sýnilegri á sænska markaðinum.

Frammistöðumat EES-ríkjanna um innleiðingu gerða - Ísland í 4. sæti

Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins birtu á dögunum úttekt sem sýnir frammistöðu EES-ríkjanna við að innleiða tilskipanir Evrópusambandsins í landsrétt. Slíkt frammistöðumat er gert tvisvar á ári og er Ísland að þessu sinni í 4. sæti EES-ríkjanna með 1,4% innleiðingarhalla.

Í síðasta frammistöðumati, sem birt var í júlí 2004, var Ísland í 7. sæti með 1,5% innleiðingarhalla. Ísland hefur því lítillega bætt árangur sinn og heldur áfram að vera innan þeirra 1,5% viðmiðunarmarkna sem ESB hefur talið viðunandi. Innleiðingarhalli eldri ESB-ríkjanna fimmtán hefur aukist að meðaltali eftir stækkun Evrópusambandsins, en nýju ríkjunum tíu hefur tekist að innleiða stóran hluta af útistandandi tilskipunum undanfarna mánuði og er frammistaða margra þeirra mun betri en eldri ríkjanna. Innleiðingarhalli ESB er nú 3,6% en var 7,1% við stækkun sambandsins. Athygli vekur að Litháen og Spánn eru einu Evrópusambandsríkin sem eru með innleiðingarhalla innan 1,5% markanna.

Grétar Már Sigurðsson, skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu, segir að árangur Íslands gefi vísbendingu um að samstarf ráðuneytanna hér á landi gangi vel í samanburði við stjórnsýslu annarra ríkja Evrópu. Fulltrúar ráðuneytanna hittast reglulega til að fara yfir þessi mál og hafa sett sér það markmið að innleiðing gerða gangi að óskum. Einnig sé athyglisvert hversu göðum árangri sum af nýju ESB-ríkjunum hafi náð. Eins hafa Frakkland, Þýskaland og Holland bætt sig frá því síðast. Hins vegar séu ríki eins og Danmörk, Finnland, Bretland og Írland, sem yfirleitt hafa staðið sig vel og verið innan viðmiðunarmarkanna, að dragast aftur úr. Af öðrum EFTA-ríkjum innan EES er það að segja að Noregur er í 1. sæti með 1% innleiðingarhalla og Liechtenstein í 14. sæti með 2,7% halla.

Á leiðtogafundi ESB árið 2002 var ákveðið að ekki væri ásættanlegt að tilskipanir biðu innleiðingar í landsrétt lengur en tvö ár. Engar tilskipanir hafa beðið innleiðingar svo lengi í EFTA-ríkjunum innan EES og er það óbreytt frá síðustu úttekt í júlí 2004. Á Íslandi hafa ellefu tilskipanir beðið innleiðingar innan við sex mánuði og sjö tilskipanir hafa beðið innleiðingar í 6-12 mánuði. Að meðaltali tekur fjóra til fimm mánuði að innleiða tilskipanir í EFTA-ríkjunum.

Fjöldi mála til meðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA, sem varða tilskipanir sem hafa ekki verið innleiddar á réttan hátt eða með ófullnægjandi hætti hjá EFTA-ríkjunum, er svipaður og áður. Hefur ESA tiltölulega fá slík mál til meðferðar miðað við framkvæmdastjórn ESB. Frammistöðumatið er birt á heimasíðu Eftirlitsstofnunar EFTA <http://www.eftasurv.int>